

I. KAFLI – Lög Sundsambands Íslands

1. grein

Sundsamband Íslands, skammstafað SSÍ, er æðsti aðili innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, og fer með sérgreinamálefni sundíþróttá á Íslandi. SSÍ er ólympískt samband og er aðili að Alþjóðasundsbandinu, FINA.

2. grein

SSÍ er samband sundráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll félög innan ÍSÍ sem iðka og keppa í sundíþróttum samkvæmt skilgreiningu FINA geta átt aðild að SSÍ, enda eru lög þeirra í samræmi við lög SSÍ og ÍSÍ.

3. grein

Tilgangur og markmið SSÍ er í meginatriðum:

- Að hafa yfirstjórn allra sérgreinamálefna sundíþróttá á Íslandi.
- Að vinna að stofnun og starfssemi sundráða og efla á allan hátt sundíþróttir Íslandi.
- Að setja og fylgja eftir nauðsynlegum reglum, uppfærða og löggilda dómara, staðsetja og framkvæma mót SSÍ og staðfesta íslensk met.
- Að efla, samræma og skipuleggja málefni og verkefni landsliða og undirbúningshópa landsliða.
- Að vera fulltrúi íslensku sundhreyfingarinnar gagnvart erlendum aðilum og gæta þess að gildandi reglur um sundíþróttir á Íslandi séu í samræmi við alþjóðlegar reglur. SSÍ leitar atbeina ÍSÍ gagnvart alþjóðlegum samskiptum eftir því sem það á við.

4. grein

Sundsambandi Íslands er stjórnað af:

- Sundþingi.
- Stjórn SSÍ milli sundþinga.

Reikningsár SSÍ er almanaksárið.

5. grein

Sundþing fer með æðsta vald í málum SSÍ. Sundþing sitja fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga sem eiga aðild að SSÍ. Fjöldi fulltrúa sambandsaðila reiknast miðað við að hann eigi skráða iðkendur í sundíþróttum, fjölda virkra keppenda í einstaklingsgreinum og fjölda keppenda í sundknattleik, við næstu áramót fyrir sundþing.

Hver sambandsaðili má senda einn fulltrúa á sundþing. Að auki á sambandsaðili rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að 30 virka keppendur í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja 30 keppendur í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það.

Sundþing skal haldið annað hvert ár, á oddatöluári, jafnan í febrúar eða mars. Stjórn SSÍ boðar og staðfestir staðsetningu og fyrirkomulag sundþings með minnst 6 vikna fyrirvara.

Málefni og tillögur, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu kynnt stjórn SSÍ minnst mánuði fyrir þing. Þá kynnir stjórn SSÍ sambandsaðilum dagskrá og málefni þingsins í síðasta lagi hálfum mánuði fyrir þingið. Sundþing er lögmeitt, ef löglega hefur verið til þess boðað. Rafræn boðun er lögmeitt ásamt tilkynningu á heimasíðu SSÍ.

Ekki er heimilt að stofna til keppni í sundíþróttum þá daga sem sundþing fer fram og þá er óheimilt er að halda sundþing á sömu dögum og íþróttþing eða formannafundur ÍSÍ fara fram. Þau ár sem sundþing er ekki haldið boðar stjórn til formannafundar í febrúar.

6. grein

Á sundþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn SSÍ.
- b) Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Framkvæmdarstjóri ÍSÍ.
- d) Fulltrúi menntamálaráðherra (íþróttfulltrúi ríkisins).
- e) Tveir fulltrúar samtaka sundþjálfara (ÍSS).
- f) Einn fulltrúi Sunddómarafélags Íslands (SDÍ).
- g) Einn fulltrúi samtaka íþróttakennara.
- h) Formenn sérráða innan SSÍ.
- i) Að auki getur stjórn SSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til.

Aðeins sá sem er í sundfélagi innan héraðssambands/íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á sundþing. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði. Þó getur meirihluti þingfulltrúa heimilað að fulltrúi fari með, ef sérstakar aðstæður krefjast, fleiri en eitt atkvæði þess héraðssambands/íþróttabandalags sem hann er fulltrúi fyrir. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags. Umboð má senda með rafrænu formi til bráðabrigða en skal staðfest með frumriti hið fyrsta. Sérstakar ástæður geta verið ef þing tefst úr hófi miðað við auglýsta dagskrá eða samgöngur raskast verulega.

Á þinginu ræður einfaldur meirihluti, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til þess að þær teljist samþykktar.

7. grein

Dagskrá sundþings er:

1. Þingsetning – ávörp gesta.
2. Kjör kjörbréfanefndar.
3. Kjörnir þingforseti/ar og þingritari/ar.
4. Tillaga um heiðursviðurkenningar SSÍ afgreidd.
5. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt.
6. Kosning starfsnefnda þingsins.
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laga- og leikreglanefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.
 - d) Mótnefnd.
 - e) Aðrar nefndir, ef þörf krefur.
7. Skýrsla stjórnar.
8. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
9. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsnefnda og reikninga.
10. Afgreiðsla reikninga.
11. Tillögur sem lagðar eru fyrir þingið samkvæmt fundarboði - kynntar og vísað til nefnda.
12. Tillaga stjórnar um fjárhæð og fyrirkomulag þjónustugjalda.
13. Nefndastörf.
14. Fjárhagsáætlun - afgreiðsla.
15. Afgreiðsla lagabreytingatillagna.
16. Afgreiðsla annarra tillagna frá starfsnefndum.
17. Kosningar.
 - a) Kosning formanns til fjögurra ára á næsta sundþingi eftir Ólympíuleika.
 - b) Kosning fjögurra stjórnarmanna á sundþingum sem haldin eru á oddatöluári til fjögurra ára.
 - c) Kosning tveggja varamanna til næsta sundþings
 - d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til næsta sundþings
18. Önnur mál.
19. Þingslit.

8. grein

Allar kosningar eru framkvæmdar í heyranda hljóði nema annars sé óskað. Falli atkvæði jöfn í stjórnarkjöri skal kosning endurtekin. Ef atkvæði eru ennþá jöfn skal hlutkesti ráða. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka mál til afgreiðslu sem fram hefur komið eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum. Skýrslu stjórnar og starfsnefnda auk þinggerðar sundþings, skal senda framkvæmdarstjórn ÍSÍ og birta sambandsaðilum SSÍ innan eins mánaðar frá þingslitum. SSÍ skal varðveita lokaútgáfu þinggerðar í prentuðu formi.

9. grein

Aukasundþing má halda, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar SSÍ eða fimm sambandsaðilar óska þess. Boða má til aukasundþings með þriggja vikna fyrirvara. Boðun skal fylgja dagskrá. Fulltrúar á aukasundþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má sambandsaðili tilnefna nýjan fulltrúa í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukasundþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin af einhverjum orsökum orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt sundþing.

10. grein

Stjórn SSÍ skal skipuð níu mönnum sem allir eru kosnir til fjögurra ára í senn, auk þeirra eru tveir varamenn kosnir hverju sinni. Falli kjörinn stjórnarmaður frá eða hætti störfum áður en kjörtímabili hans lýkur, tekur varamaður sæti hans fram að næsta sundþingi á eftir og skal það sundþing kjósa mann í staðinn til loka þess kjörtíma sem eftir var. Kosningu skal hagað þannig að á næsta sundþingi eftir Ólympíuleika er formaður kosinn í beinni kosningu til fjögurra ára og 4 stjórnarmenn til fjögurra ára. Tveimur árum síðar eru kosnir 4 stjórnarmenn til fjögurra ára. Kosið er um tvo varamenn á hverju sundþingi.

Stjórn skiptir með sér öðrum verkum en hlutverki formanns. Stjórn hefur umboð til að ráða launaða starfsmenn til SSÍ í samræmi við fjárhagsáætlun á hverjum tíma.

Stjórn SSÍ heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Milli funda annast framkvæmdaráð þar sem sitja formaður, varaformaður, gjaldkeri og framkvæmdastjórnar, daglegan rekstur og fjalla um þau erindi sem berast. Formaður boðar til funda.

Stjórn SSÍ getur sett á fót vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál í umboði hennar. Starfsár SSÍ er milli sundþinga, en reikningsárið fylgir almanaksárinu. Meirihluti stjórnar þarf að taka þátt í afgreiðslu máls til að afgreiðslan teljist fullgild

11. grein

Stjórn SSÍ fer með málefni sundhreyfingarinnar á Íslandi milli sundþinga. Að öðru leyti er starfssvið stjórnar SSÍ:

1. Fylgist með að leikreglur og reglugerðir fyrir sundíþróttir séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur.
2. Annast skýrslugerð í samræmi við lög ÍSÍ.
3. Sker úr ágreiningi um sundmál og setur nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
4. Annast fjármál SSÍ.
5. Staðfestir íslensk met í sundíþróttum.
6. Löggildir dómara í sundíþróttum.

Stjórnarfundur skal halda eftir því sem þörf krefur, eða ef 2 eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

12. grein

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar staðfestir stjórn skipan í eftirtaldar starfsnefndir sem starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á.

Aga og siðanefnd

Fræðslu- og kynningarnefnd

Kjörnefnd

Landsliðsnefnd

Móta-tækni og dómaranefnd

Sundíþróttanefnd

Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt.

Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ, án þess að gildandi séu sérákvæði.

13. grein

Héraðssamböndin/íþróttabandalögin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SSÍ. Þau skulu senda stjórn SSÍ afrit af öllum lögum sínum. Þá skulu þau og senda henni allar skýrslur um mót sem haldin eru í umdæmi þeirra. Þessar skýrslur skulu sendar innan hálf mánaðar eftir að móti lýkur. Ársskýrslur sínar um störf sundráðs – héraðssambands/íþróttabandalags skal sambandsaðili senda SSÍ fyrir 1. júní ár hvert.

Vanræki sambandsaðili ítrekað að senda skýrslur fyrir hinn ákveðna tíma varðar það réttindamissi og brottrekstri. Þó skal ávallt aðvara viðkomandi sambandsaðila áður en gripið er til brottrekstrar.

14. grein

SSÍ skal í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd/íþróttabandalög vinna að stofnun nýrra sérráða og áframhaldandi starfssemi sérráða sem þegar eru starfandi.

15. grein

Í ársskýrslu sinni til sundþings skal stjórn SSÍ jafnan gera grein fyrir notkun styrktarfjár þess er hún hefur haft til umráða.

16. grein

Stjórn SSÍ hefur frjálsan aðgang að öllum sundmótum og sýningum sem fara fram innan vébanda SSÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða og héraðssambanda /íþróttabandalaga, sem eru aðilar að Sundsambandi Íslands.

17. grein

Tilkynningar um íslensk met og önnur afrek í sundíþróttum skal senda stjórn SSÍ til staðfestingar, ásamt skýrslu um og staðfestum gögnum móts. Íslandsmet skulu skráð í samræmi við ákvæði reglugerðar um íslensk met í sundi. Öll staðfest met skulu tilkynnt framkvæmdarstjórn ÍSÍ.

18. grein

Tillögu um að leggja SSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu sundþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsfélögum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan þá samþykkt á ný, er það fullgild ákvörðun um að SSÍ skuli lagt niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eigum SSÍ, en þeim má aðeins verja til að efla sundíþróttir á Íslandi.

19. grein

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdarstjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

Febrúar 2011